



Fréttatilkynning frá matvælaeftirliti Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, nr. 13/2025

Reykjavík, 8.7.2025

Málsnúmer: 2025050187

Efni

Dai Phat Trading, að höfðu samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, hefur stöðvað sölu og innkallað frá neytendum pálmasykur frá Thai Dancer. Um er að ræða sömu vöru og var innkölluð þann 19. maí síðastliðinn en aðra lotu.

Ástæða innköllunar

Varan inniheldur ofnæmis- og óþolsvaldinn **súlfít** án þess að hann komi fram á umbúðum.

Hver er hættan?

Súlfít í styrk yfir 10 mg/kg getur valdið bráðum viðbrögðum hjá þeim sem eru með ofnæmi eða óþol fyrir því. Styrkur súlfíts í pálmasykrinum greindist vera 153 mg/kg.

Upplýsingar um vöru sem innköllunin einskorðast við

Vörumerki:	Thai Dancer
Vöruheiti:	Palm sugar
Lotunúmer:	301123
Geymslupól:	Best fyrir dags. 30.11.2025.
Framleiðsluland:	Taíland

Heiti og heimilisfang fyrirtækis sem innkallar vöru

Dai Phat Trading Inc ehf., Faxafeni 14, 108 Reykjavík.

Dreifing

Eingöngu selt í verslun Dai Phat Asian Supermarket, Faxafeni 14.

Leiðbeiningar til neytenda

Viðskiptavinum, sem hafa ofnæmi eða óþol fyrir súlfíti, er bent á að neyta ekki vörunnar heldur farga henni eða skila í verslun þar sem hún var keypt.



Nánari upplýsingar um innköllun

Viðskiptavinir sem hafa keypt vöruna er bent á að neyta hennar ekki og farga eða skil henni í þeirri verslun sem hún var keypt gegn endurgreiðslu. Fyrir frekari upplýsingar hafið samband í númerið 765-2555.

Mynd(-ir)

